

Reglur fyrir Menningarsjóð Fjarðabyggðar

1. grein.

Sjóðurinn heitir menningarsjóður Fjarðabyggðar og er hann í vörslu Bæjarsjóðs Fjarðabyggðar.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er:

...að styrkja menningu í Fjarðabyggð

...að veita fjárhagslegan stuðning þeim einstaklingum er skara fram úr á sviði lista og menningar í sveitarfélaginu.

...að veita fjárhagslegan stuðning þeim listamönnum, sem hafa framfæri af list sinni að einhverju eða öllu leyti.

...að verðlauna og styrkja þá einstaklinga í Fjarðabyggð sem stunda listnám.

3. grein.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag úr bæjarsjóði samkvæmt fjárhagsáætlun.
2. Frjáls framlög.
3. Vaxtatekjur af frjálsum framlögum.

4. grein.

Menningarnefnd Fjarðabyggðar fer með stjórn sjóðsins.

Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega með reikningum bæjarsjóðs.

5. grein.

Verkefni sjóðsstjórnar, sem a.m.k. fyrst um sinn er skipuð fulltrúum í menningarnefnd, er að ákveða styrkveitingar, sjá um almenna fjáröflun, svo og kynningarstarfsemi.

6. grein.

Til að hljóta greiðslu úr sjóðnum er æskilegt að viðkomandi hafi lögheimili í Fjarðabyggð eða hafi haft lögheimili í Fjarðabyggð á síðastliðnum tveimur árum og þá hið minnsta í tvö ár samfellt.

7. grein

Menningarnefnd áskilur sér rétt til að styrkþegar leyfi íbúum Fjarðabyggðar að njóta listar sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann hlýtur styrkinn bænum að kostnaðarlausu, t.d. með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög bæjarins og skóla, eldir borgara og/eða aðra listamenn sem koma fram í Fjarðabyggð. Í umsókninni skal koma fram á hvern hátt listamaðurinn hugsar sér að láta Fjarðabyggð njóta listar sinnar. Menningarnefnd útvegar viðeigandi húsnæði til listviðburða ef þörf er á styrkþega að kostnaðarlausu. Standi styrkþegi ekki við þetta ákvæði skal hann endurgreiða styrkinn ásamt venjulegum vöxtum, sem vera skulu jafnháir og almennir vextir ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands.

8. grein

Nefndin skal auglýsa eftir umsóknum í Fjarðabyggð og þeim bæjarblöðum sem út koma hverju sinni.

Einnig skal auglýsa í öðrum miðlum samkvæmt ákvörðun menningarnefndar hverju sinni.

Umsóknum skal skilað til menningarnefndar fyrir 1. apríl ár hvert.

Úthlutanir skulu fara fram í apríl mánuði ár hvert.

9. grein

Þegar umsóknir eru metnar skal tekið mið af þeim viðurkenningum sem umsækjanda hafa hlotnast og útbreiðslu verka hans.

10. grein

Menningarnefnd mælist til þess að styrkþegar láti styrkveitingu koma fram sem víðast.

11. grein

Sjóðsstjórn ákveður hverju sinni fjölda styrkþega og miðar styrkuppþæðir við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 1.apríl 2004